

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 14. nóvember 2005, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Ólafur Elísson, Gylfi Sigurðsson, Bertha I. Johansen, Bjarni Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið frá síðasta fundi og það helsta framundan:

Skólameistari rakti það helsta sem gerst hefur frá síðasta fundi:

Pungaprófsnámskeiði lauk með útskrift 11 nemenda þann 20. okt.

Miðannarmat fór fram um 18. – 20. október og var sent heim til nemenda.

Val fyrir næstu önn fór fram í lok október.

Þrír kennarar og þrír nemendur fóru til Ítalíu (Sikileyjar) dagana 25. okt. til 1. nóv. vegna MTC verkefnisins.

Frosti Gíslason fenginn til að koma á kennarafund 25. okt. til að kynna vefinn “Heimaslóð”, sem hann hefur unnið að ásamt fleirum.

Vetrarfrí var í skólanum föstudaginn 28. október.

Samstarfsnefnd kennara og stjórnenda vegna nýja kjarasamningins sat sameiginlegan fræðslufund 31. okt og er að hefja störf.

Samstarfsnefnd framhaldsskólastigsins hélt fund í Keflavík 3. – 4. nóv og voru þar til umræðu fjármál skólanna, stytting náms til stúdentsprófs, nýir skólasamningar, almennu brautirnar og fleira. Skólameistari sat fundinn.

Undirbúningur að stofnun foreldrafélags er hafinn, undirbúningshópur hittist í vikunni, en hann skipa 2 foreldrar, 2 kennarar og 2 stjórnendur.

Það helsta framundan:

Dagur íslenskrar tungu 16. nóv. Kennarar skiptast á hópum og lesa upp.

Samræmd stúdentspróf verða haldin dagana 30. nóv til 2. des.

Kennslu lýkur 2. desember, próf hefjast 3. des. og útskrift er 17. des.

2. Ráðning fjármálastjóra.

Fimm umsóknir bárust um stöðu fjármálastjóra, ein var dregin til baka, þannig að umsækjendur eru: Gísli Gunnar Geirsson, Jóhanna Margrét Þórðardóttir, Jón Hauksson og Lára Emilsdóttir. Skólameistari ræður í starfið og lýsti hann ætlan sinni að ráða Láru, sem hann taldi þann umsækjanda er best uppfyllti skilyrði um virka og lifandi bókhaldsreynslu. Nefndarmenn fóru yfir málið og kom þá ma. fram hjá Ólafi Elíssyni og Jóni Valgeirssyni, að sterk rök þyrfti til að sniðganga fyrverandi nemendur skólans, sem aflað hefðu sér framhaldsmenntunar í viðskiptum.

Skólameistari ítrekaði að uppistaðan í starfinu er bókhaldsvinna í nýju og nokkuð flóknu kerfi (Oracle) og eina skilyrðið í auglýsingu hefði verið góð bókhaldskunnátta og reynsla.

3. Starfsáætlun vorannar 2006.

Lögð voru fram meðfylgjandi drög að starfsáætlun vorannar 2006. Kennsla hefst samkvæmt þeim, þann 5 jan. en skólasetning er daginn áður. Gert er ráð fyrir að fella niður tvo daga í vikunni eftir páska, sitt hvoru megin við sumardaginn fyrsta. Kennslu lýkur svo 4. maí og skólaslit eru áætluð 20. maí.

Með þessu fást 74 reglulegir kennsludagar, aðrir kennsludagar eru 2 og 12 - 13 dagar fara í próf og frágang. Skólanefnd samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti.

4. Önnur mál.

A) Rætt var um gerð rekstraráætlunar fyrir næsta ár og aðkomu skólanefndar að gerð hennar.

B) Spurt var um störf nemendafélagsins og helstu tíðindi úr félagslífinu. Bjarni fulltrúi nemenda svaraði þessu eftir bestu getu og hét því að gera nánari grein fyrir störfum nemendaráðs á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn mánudag 12. desember

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:45
Ólafur H. Sigurjónsson.